

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðarhrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðarhrepps.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. mars 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 98.

31. mars 1976.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.

1. gr.

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Til þess að hjúkrunarfræðingur geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

1. Hann skal hafa hlotið hjúkrunarleyfi hér á landi samkvæmt 1. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974.
2. Hann skal hafa stundað sérnám í einhverri þeirri sérgrein hjúkrunar, er reglugerðin nær til.

3. gr.

Sérnám má einungis fara fram í þeim skólum og heilbrigðisstofnunum, sem viðurkennd eru til slíks náms af viðkomandi yfirvöldum.

Hjúkrunarráð skal meta námsskrár og námsstöður áður en viðurkenning er veitt.

4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í eftirtöldum greinum:

- I. Barnahjúkrun:
Eitt ár nám í barnahjúkrun.
- II. Geðhjúkrun:
Nám í geðhjúkrun 15 mánuðir.
- III. Heilsuvernd:
Eitt ár nám í heilsuvernd.
- IV. Ljóssmóðurfræði:
Eitt ár nám í ljóssmóðurfræði.
- V. Röntgenhjúkrun:
Tvö ár nám í röntgentækni, þar af þriggja mánaða nám á geislalækningadeild.
- VI. Svæfingahjúkrun:
Tvö ár nám í svæfingahjúkrun.

VII. Hjúkrun á lyflækningadeildum, handlækningadeildum, elli- og endurhæfingar-
deildum, gjörgæsludeildum, skurð- og slysadeildum:
Eitt ár framhaldsnám í hjúkrunarfræði.

5. gr.

Umsóknir um sérfræðileyfi, ásamt gögnum sem staðfesta menntun, skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

6. gr.

Heimilt er að veita þeim hjúkrunarfræðingum, er starfað hafa sem sérfræðingar í fyrrnefndum sérgreinum hér á landi, sérfræðileyfi, þótt nám þeirra hafi verið annars konar en hér er gert að skilyrði.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, sbr. lög nr. 32/1975, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Inqímarsson.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmála Njarðvíkurkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Njarðvíkur skal skipuð 7 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Njarðvíkurkaupstað og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangs-
efni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru
fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
2. Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Enn fremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
3. Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.